

**FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
2014/109/ESB****2022/EES/18/13****frá 10. október 2014****um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB með því að taka saman safn af myndaviðvörðunum til að nota á tóbaksvörur (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB frá 3. apríl 2014 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnisýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og tengdum vörum og um niðurfellingu á tilskipun 2001/37/EB ⁽¹⁾, einkum b-lið 3. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í 10. gr. tilskipunar 2014/40/ESB er kveðið á um að á sérhverjum einingarpakka og öllum ytri umbúðum tóbaksvara til reykinga skuli vera mynd- og textaviðvörðunarmerking nema ef um undanþágu er að ræða í samræmi við 11. gr. Mynd- og textaviðvörðunarmerkingarnar eiga m.a. að innihalda eina af þeim textaviðvörðunum sem eru skráðar í I. viðauka og samsvarandi ljósmynd í lit sem er tilgreind í myndasafninu í II. viðauka við tilskipunina.
- 2) Með tilskipun 2014/40/ESB er framkvæmdastjórninni einnig veitt umboð til að samþykkja framseldar gerðir til að taka saman og aðlaga myndasafnið í II. viðauka, að teknu tilliti til þróunar í vísindum og á markaði.
- 3) Því ber að breyta II. viðauka við tilskipun 2014/40/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað II. viðauka við tilskipun 2014/40/ESB komi viðaukinn við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. maí 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 20. maí 2016.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 360, 17.12.2014, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 1.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Myndasafn (með mynd- og textaviðvörðunarkerkingum)

(sem um getur í 1. mgr. 10. gr.)

Safn 1





Safn 2





Safn 3




